

Fexler gegn Svíþjóð

Dómur frá 13. október 2011

Mál nr. 36801/06

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Stjórnsýsludómstólar. Sjúkratryggingar. Munnlegur málflutningur.

1. Málsatvik

Kærandi, Monica Fexler, er sænskur ríkisborgari. Hún fæddist árið 1949 og er búsett í bænum Hallabro í Svíþjóð. Kærandi hefur um árabíl þjáðst af ýmsum afleiðingum krabbameinsmeðferðar sem hún gekkst undir. Hún hefur þurft að vera frá vinnu að öllu leyti frá árinu 2000. Auk þess hefur hún þurft að bera ýmsan kostnað, m.a. vegna lyfjakaupa og ferðalaga vegna meðferðarinnar. Hún sótti um sjúkrabætur frá tryggingastofnun en beiðni hennar var hafnað þar sem talið var að hún gæti notið fjárhagsstuðnings frá eiginmanni sínum. Kærandi kærði ákvörðun tryggingastofnunar til stjórnsýsludómstóls þar sem hún taldi útreikninga stofnunarinnar ranga. Stjórnsýsludómstóllinn staðfesti ákvörðun tryggingastofnunar og taldi að kærandi ætti ekki rétt á frekari sjúkrabótum. Kærandi áfrýjaði málinu í kjölfarið til áfrýjunardómstóls stjórnsýslumála og fór fram á að munnlegur málflutningur færi fram í málinu þar sem varpa þyrfti ljósi á ýmsa þætti þess. Áfrýjunardómstóllinn hafnaði þessari kröfu kæranda og staðfesti niðurstöðu stjórnsýsludómstólsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að hafna beiðni hennar um munnlegan málflutning í máli hennar hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um réttinn til opinberrar málsmeðferðar fyrir dómstóli.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að rétturinn til opinberrar málsmeðferðar fyrir dómstól á fyrsta dómstigi eða í tilvikum þar sem aðeins væri eitt dómstig fæli jafnframt í sér rétt til munnlegrar málsmeðferðar nema sérstakar aðstæður réttlættu annað. Við mat á því hvort skilyrði til undanþágu frá meginreglunni um munnlegan málflutning væru fyrir hendi bæri að líta til eðlis máls hverju sinni. Dómstóllinn vísaði til fyrri fordæma sinna þar sem staðfest hafði verið að þegar kæmi að málum varðandi bætur og sjúkratryggingar sem yfirleitt væru mjög tæknilegs eðlis og þar sem niðurstaðan réðist oftar en ekki á skýrslum lækna væri skrifleg málsmeðferð jafnan hentugri en munnleg. Þar sem slík mál væru algeng og oftar en ekki af svipuðum toga fylgdi því einnig mikið hagræði að hægt væri að leysa úr þeim án munnlegrar málsmeðferðar. Í máli kæranda var óumdeilt að munnleg málsmeðferð hefði ekki farið fram á neinu dómstigi. Kærandi hafði hins vegar aðeins farið fram á munnlega málsmeðferð á síðari dómstigum. Sú staðreynd að kærandi hafði ekki krafist þess að munnlegur málflutningur færi fram á fyrri dómstigum gat að mati dómstólsins falið í sér ákveðið afsal kæranda á rétti sínum að þessu leyti. Ástæða þess að kærandi fór fram á munnlega málsmeðferð var að hún vildi varpa ljósi á ýmis vafaatriði í málinu. Hún hafði ekki farið fram á að ný sönnunargögn yrðu lögð fram eða munnlegar skýrslur teknar af sérfræðingum. Að mati dómstólsins hafði kæranda verið í löfa lagið að varpa ljósi á umrædd vafaatriði með því að leggja fram frekari gögn. Með hliðsjón af þessu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ákvörðun áfrýjunardómstólsins um að hafna beiðni kæranda um munnlega málsmeðferð hefði ekki falið í sér brot á 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.